

Ed.

147. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

- a. Á eftir orðunum „nýkosinna þingmanna“ í upphafi 2. málsg. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: og varamanna.
- b. Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsg. 1. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

- a. Á eftir orðinu „eið“ í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.
- b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)“ í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Fyrir „Fái þá heldur eigi neinn“ í 3. másl. 2. málsgr. 3. gr. sömu laga kemur: Fái þá heldur enginn.

4. gr.

Á eftir orðunum „kærun yfir kosningum“ í fyrri málsgr. 4. gr. sömu laga komi: eða kjörgengi.

5. gr.

Meginmál 2. gr. laga nr. 20 1934 orðist þannig:

Eftir kosningar þær, sem ræðir um í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hver þingflokkur skyldur að tilnefna þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Nú skýtur einhver þingflokkur sér undan þessari skyldu, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki í réttu hlutfalli við atkvæðamagn flokksins. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig hafa verið tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar (stjskr. 27. gr.).

6. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 29 1915 komi: nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

7. gr.

Í stað orðanna „allan þingtímann það ár“ í fyrri málsgr. 8. gr. sömu laga komi: allt það þing.

8. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 20 1934 orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns, og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er sætið hafði, einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

9. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

10. gr.

- a. Aftan við 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 20 1934 (utanríkismálanefnd skipuð 7 mönnum) komi: og 7 til vara.
- b. Fyrir „og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni“ í 4. málsgr. sömu greinar komi: og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd.

11. gr.

Aftan við 18. gr. laga nr. 29 1915 bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

12. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherra.

13. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

14. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

15. gr.

- a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
- b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

16. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáráukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjskr. 40. gr.).

17. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga („Sé henni breytt . . . einni umræðu“) komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

18. gr.

- a. Í stað orðanna „alþjóðlegt málefni (Stjskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: landsmál (Stjskr. 49. gr.).
- b. Fyrir niðurlagsorð sömu lagagr. („Við þessa umræðu má ekki gera neina ályktun“) komi: Við þessa umræðu má enga ályktun gera.

19. gr.

Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 2. málsg. 32. gr. sömu laga falli niður.

20. gr.

9. gr. laga nr. 20 1934 falli niður.

21. gr.

a. Fyrir „Eigi má hann annars ávarpa neinn“ í síðari másl. 34. gr. laga nr. 29 1915 kemur: Eigi má hann annars ávarpa nokkurn.

b. Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

22. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.

b. Aftan við greinina bætist ný málsg.:
Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

23. gr.

Fyrir „það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur“ í 2. másl. 36. gr. sömu laga kemur: við ráðherra og framsögumann.

24. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr., að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

26. gr.

- a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni . . . hvort frá skuli vísa“) falli burt.
- b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
- c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

27. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

28. gr.

- a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt“ í upphafi 44. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun.
- b. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. sömu lagagr. komi: (Stjskr. 48. gr.).
- c. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögættra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
- d. Aftan af 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
- e. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

29. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn . . . á að fara fram“) falli niður.

30. gr.

Aftan við 1. málslið 46. gr. sömu laga komi: og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu.

31. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

32. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

33. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

V. Útvarp umræðu.

- Hverju skylt er að útvarpa.
- Jafnrétti þingflokka.
- Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.
- Ræðutími í öðrum málum.
- Útvarp með samþykki annara flokka.
- Útvarp án samþykkis annara flokka.
- Boðun útvarps-umræðu. Röð útvarps-umræðna.
- Aðild flokksformanna. Úrskurðarvald forseta.
- a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum. Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálftrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.
- b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefir til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en einn, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.
- c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfra stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðu um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust. Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.
- d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálftrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs. Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til. Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttr þá forseti umferðir að sama skapi.
- e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.
- f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.
- g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundum svo fljótt sem unnt er.
- h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bærust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.
- i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðu lýtur.
- j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

34. gr.

- a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni“ í 51. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni.
- b. Fyrir „(Stjkskr. 1874 § 38)“ í sömu lagagr. kemur: (Stjkskr. 50. gr.).

35. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

36. gr.

- a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.
- b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
- c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

38. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt því, sem óbreytt stendur af 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934, svo og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.